

Föstudaginn 11. desember 1970.

Nr. 24/1970. **Björgvin Frederiksen og
Björgvin Frederiksen h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Kjartani Sigurðssyni og gagnsök
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómenður:
hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann
Snævarr.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 6. febrúar 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. janúar s. á. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. marz 1970. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir óskipt til þess að greiða sér kr. 125.542.00 með 7% ársvöxtum frá 28. janúar 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Miða verður við, að áfrýjunarstefna hafi verið birt gagnáfrýjanda hinn 2. marz 1970. Var gagnáfrýjanda því rétt að skjóta máli sínu til Hæstaréttar með stefnu 12. marz s. á. án áfrýjunarleyfis, sbr. 20. gr., 3. málsgrein, laga nr. 57/1962.

Í Hæstarétti hefur gagnáfrýjandi lagt fram álitserð gjaldskrárnefndar Arkitektafélags Íslands, dags. 24. nóvember 1970, um það, hvað telja megi sanngjarna þóknun fyrir verk það, er gagnáfrýjandi leysti af hendi og liggur til grundvallar málssókn þessari. Er það álit gjaldskrárnefndar, að sanngjörn þóknun sé kr. 103.037.10. Þá hefur enn fremur verið lögð fram kvittun, er gagnáfrýjandi hefur gefið aðaláfrýjanda Björgvin Frederiksen, fyrir greiðslu samtals 50.000 króna fyrir teiknivinnu þá, sem í málinu greinir.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, greinir aðilja máls þessa á um, hversu viðtækt verkefni það var, er aðaláfrýjendur, annar eða báðir, fólu gagnáfrýjanda við teiknivinnu á fyrirhuguðum mannvirkjum á lóðinni Lækjarteigi 2 í Reykjavík. Gögn málsins sýna, að á þeim tíma, sem gagnáfrýjanda var falið verkefnið, var skipulagningu þess hluta borgarinnar, sem hér um ræðir, ekki ráðið til lykta, og ríkti óvissa um, hversu stórt lóðarsvæði aðaláfrýjendur hefðu að Lækjarteigi 2 og hversu nýta mætti það til byggingarstarfsemi. Sýnt er af bréfi gagnáfrýjanda til byggingarnefndar Reykjavíkur, dags. 9. nóvember 1966, að honum var ljóst, að uppdrættir þeir, sem hann gerði úr garði, voru grundvöllur undir fyrirspurn til byggingarnefndar um, hvort leyft yrði að byggja á lóðinni samkvæmt uppdráttum þessum. Er þá úrlausnar-efni í máli þessu, í hverju formi uppdrættir þessir áttu að vera, svo að þeir gætu verið fullnægjandi grundvöllur undir þeirri málsmeðferð hjá byggingarnefnd Reykjavíkur, sem gagnáfrýjanda mátti vera ljóst, að hér var stefnt að. Um þetta atriði er sitthvað á huldu, og er málið vanreifað í þeim efnum, sem nú greinir:

1. Í héraðsdómi er rakin frásögn gagnáfrýjanda um, að aðaláfrýjandi Björgvin Frederiksen hafi falið syni sínum, Hilmari, að afhenda gagnáfrýjanda tilteknar teikningar með ósk um, að hann gengi að fullu frá þeim og legði síðan mál fyrir byggingarnefnd. Hilmar Björgvinsson, cand. jur., hefur ekki komið fyrir dóm. Svo sem andsvörum aðaláfrýjanda var háttað í héraði, þykir rétt, að Hilmari sé veittur kostur á að tjá sig um þetta atriði fyrir dómi.

2. Í héraðsdómi er rakið viðtal, sem aðaláfrýjandi Björgvin Frederiksen telur sig hafa átt við Pál Línal borgarlögmann út af því, hvernig unnt væri að fá svör byggingarnefndar við málaleitun hans um byggingarstarfsemi á lóðinni Lækjarteigi 2. Nauðsynlegt er að afla umsagnar borgarlögmanns um það, sem þeim aðaláfrýjanda Björgvin Frederiksen fór á milli um mál þetta.

3. Þá er rétt að afla umsagnar frá byggingarnefnd Reykjavíkur um það, hversu uppdráttur að fyrirhugaðri mann-

virkjagerð á lóðinni Lækjarteigi 2 hefði þurft að vera úr garði gerður, svo að svar fengist við fyrirspurn um heimild til byggingarstarfsemi á lóðinni, eins og hér hagaði til.

4. Álitsgerð gjaldskrárnefndar Arkitektafélags Íslands, sem fyrr er greind, lá ekki fyrir héraðsdómi, en hennar hefði átt að afla, meðan mál var til meðferðar í héraði. Leita ætti sjónarmiða stjórnar Arkitektafélags Íslands um það atriði, sem greinir í 3. tölulið, þ. e. í hverju formi uppdráttur þurfi að vera, svo að hann teljist fullnægjandi grundvöllur undir fyrirspurn til byggingarnefndar, eins og hér stendur á.

Með því að mál þetta er vanreifað í þeim efnum, sem að framan greinir, þykir ekki verða hjá því komizt að ómerkja héraðsdóm og meðferð máls í héraði frá og með þinghaldi 26. september 1969.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá þinghaldi 26. september 1969 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. október 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. september 1969, hefur Kjartan Sigurðsson arkitekt, Hagamel 28, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 3. apríl 1967, á hendur Björgvin Frederiksen framkvæmdastjóra, Lindargötu 50, Reykjavík, til greiðslu eftirstöðva skuldar að fjárhæð kr. 125.542.00 með 7% ársvöxtum frá 28. janúar 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Með sakaukastefnu, dags. 29. apríl 1968, höfðar stefnandi sakaukamál á hendur fyrirtækinu Björgvin Frederiksen h/f, Reykjavík, til greiðslu á kr. 125.542.00 með 7% ársvöxtum frá 28. janúar 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Gerir stefnandi kröfu til, að stefnda

verði dæmt in solidum ásamt Björgvin Frederiksen persónulega til greiðslu á stefnufjárupphæðinni ásamt vöxtum og málskostnaði.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Stefnandi, sem er arkitekt að mennt, skýrir svo frá í stefnu, að hann hafi gert aðaluppdrætti að húseign stefnda, Lækjarteigi 2 hér í borg. Þann 4. nóvember 1966, er verkinu lauk, kveðst hann hafa lagt fyrir stefnda reikning að fjárhæð kr. 175.542.00. Innfalið í þessari reikningsfjárhæð hafi verið útlagður kostnaður, er nam kr. 1.542.00. Eftir margítrekaðar innheimtutilraunir hafi stefndu greitt kr. 10.000.00 inn í reikninginn. Auk þess hafi stefndu látið stefnanda í té fjóra víxla, hvern að fjárhæð kr. 10.000.00, eða samtals kr. 40.000.00, til greiðslu á skuldinni. Þessi viðskipti hafi átt sér stað 28. janúar 1967. Þessar greiðslur hafi stefndi innt af hendi fyrirvaralaust.

Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafi stefndi ekki fengið til að greiða reikningsfjárhæðina að fullu. Af skuldinni standi því eftir kr. 125.542.00, sem sé stefnufjárhæðin í máli þessu.

Í aðiljaskýrslu hefur stefnandi skýrt nánar frá málavöxtum á eftirfarandi hátt: Haustið 1963 hafi Björgvin Frederiksen komið að máli við sig og beðið sig að teikna fyrir sig viðbyggingu við húseignina Lækjarteig 2. Kveðst hann hafa í hyggju að reisa þar hótél með eins mörgum og ódýrum herbergjum og unnt væri ásamt kaffistofu á 1. hæð. Eldhús og matsal skyldi nýta í Klúbbnum í sömu byggingu. Stefndi Björgvin hafi haft með sér teikningar, sem Ágúst Steingrímsson tæknifræðingur hafi gert og helmingur hússins var byggður eftir. Lóðinni Lækjarteigi 2 hafi verið úthlutað Björgvin á sínum tíma undir iðnaðarhús, þótt síðar hafi verið innréttað þar danshús o. fl.

Stefnandi kveðst þegar hafa hafið vinnu við teikningar af umbeðnu húsi á hinni upprunalegu lóðarstærð, 2095 m². Kveðst hann hafa fengið mælingarblað af lóðinni hjá borgarverkfræðingi. Að tillögugerð lokinni kveðst hann hafa borið teikninguna undir skipulagsstjóra og byggingarfulltrúa, eins og venja hafi verið. Þeir upplýstu báðir, að vegna vinnu við aðalskipulag Reykjavíkurborgar mundi vera ráðlegt að tala við þá skipuleggjarana prófessor Bredsdorff og Nyvík verkfræðing, sem þá voru hér staddir, þar sem þeir einir gætu upplýst, hvernig nýta mætti lóð þessa.

Stefnandi kveðst hafa setið fund með þeim Bredsdorff og

Nyvík, og upplýstu þeir, að í ráði væri að framlengja Kringlumýrarbrautina, þar sem nú er Lækjarteigur, og jafnvel væri í ráði að byggja brú með hliðarslaufum yfir Borgartún. Við þessar framkvæmdir mundi Kringlumýrarbrautin geta orðið allt að 59 m á breidd. Ef skornir væru 10 m af austurhluta lóðarinnar og húsið stytt sem því næmi, mætti stefnandi þeirra vegna byggja samkvæmt tillöguuppdrættinum.

Að fengnum þessum upplýsingum kveðst stefnandi fyrir alvöru hafa byrjað að vinna að teikningunum. Nokkru síðar hafi Björgvin Frederiksen komið á sinn fund og tjáð sér, að hann væri hættur við hótelhugmyndina, því að á meðan á þessu stóð, væru tvö önnur hótél í byggingu í Reykjavík, Hótél Holt og Loftleiðahótelið.

Björgvin hafi nú beðið sig að teikna þarna hús, sem hægt væri að nota sem skrifstofuhús á hæðum og verzlanagerð á götuhæð. Þegar hús þetta var vel á veg komið á teikniborðinu, hafi Björgvin óskað eftir afritum af teikningunum og hafi hann fengið þær til athugunar. Nokkru síðar hafi sonur hans, Hilmar, komið með afrit þessi til sín ásamt kveðju frá föður sínum, sem þá var staddur erlendis. Hann hafi beðið sig að fullgera teikningar þessar, enda væri faðir hans þeim samþykkur, og senda síðan verkefnið til byggingarnefndar.

Meðan á uppteikningu stóð, kveðst stefnandi hafa sýnt teikningarnar skipulagsstjóra og byggingarfulltrúa, og gerðu þeir báðir þá einu athugasemd, að bílastæði vantaði við bygginguna. Í þessu sambandi hafi Björgvin tjáð sér, að hann hefði viljrði borgarstjóra fyrir lóðarskika við norðvesturhlið lóðarinnar undir bílastæði og skyldi skiki þessi vera bættur fyrir 10 m styttingu lóðarinnar í austur.

Þegar teiknivinnu við aðalteikningar var endanlega lokið, kveðst stefnandi hafa ákveðið að leggja málið fyrir byggingarnefnd. Tjáði byggingarfulltrúinn honum þá, að til þess að fyrirbyggja, að uppdráttum yrði synjað, skyldi hann leggja málið fyrir sem fyrirspurn, því að ekki væri hægt að samþykkja húsið, fyrr en búíð væri að ganga frá innlimun áðurgreinds lóðarskika. Málið hafi þannig komið í sjálfhældu.

Stefndi Björgvin Frederiksen skýrði svo frá í aðiljaskýrslu, að árið 1955 hefði Ágúst Steingrímsson tæknifræðingur gert uppdrætti af húseign þeirri, sem nú stendur á lóðinni Lækjarteigi 2, sem áður hafði verið úthlutað fyrirtækinu Björgvin Frederiksen h/f. Auk þess hafi hann gert aðaluppdrátt af heildarbygg-

ingu á allri lóðinni, sem var þá samþykkt af réttum borgaryfirvöldum. Var sú bygging meira en helmingi stærri en sá hluti hússins, sem þegar var byggður. Núverandi bygging var byggð á vestari bakka lækjar, sem þá rann um lóðina þvera, en var síðar veitt í ræsi.

Fyrir nokkrum árum, þegar heildarskipulag borgarinnar var í deigluinni, hafi ljóst orðið, að gatan Lækjarteigur yrði breikkuð og þar af leiðandi lóðin skert, þannig að ekki mætti byggja allt húsið samkvæmt teikningum Ágústs Steingrímssonar, sem þá var látinn, þar sem húsið mundi styttest um ca. 10 m samkvæmt hinni nýju götulínu.

Björgvin Frederiksen hafi þá rætt við borgarstjóra, Geir Hallgrímsson, um, að sjálfsagt væri að afsala þessum hluta lóðarinnar og taka upp makaskipti á lóð vestan við húsið fyrir bílastæði og minnka lengd byggingarinnar við Borgartún. Borgarstjóri hafi vísað Björgvin síðan til borgarlögmans, Páls Línalds, um framgang málsins. Borgarlögmaður hafi lagt til, að gerður yrði uppdráttur við núverandi aðstæður, hann lagður fyrir byggingarnefnd og að fengnu samþykki nefndarinnar yrðu teknar upp samningaviðræður um lóðina.

Þegar málum var svo komið, hafi það orðið að samkomulagi milli sín vegna Björgvins Frederiksens h/f, eiganda húseignarinnar, og Kjartans Sigurðssonar arkitekts, að hann gerði tillögu-uppdrætti að framhaldsbyggingu, þ. e. a. s. álmu við Lækjarteig. Þann 10. nóvember 1966 hafi tillöguuppdrættir Kjartans verið lagðir fyrir byggingarnefnd.

Síðan hafi byggingarnefnd sent fyrirspurn til umsagnar skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar og sömuleiðis gatnamálastjóra, og tóku þessir aðiljar málið til meðferðar. Þann 18. apríl 1967 sendu þeir neikvætt svar til byggingarfulltrúa. Í því lögðust þeir á móti því, að byggingin yrði leyfð. Að fengnum þessum upplýsingum hafi byggingarnefnd synjað um leyfi þann 27. apríl 1967.

Stefnandi máls þessa og stefndi Björgvin Frederiksen hafa báðir komið fyrir dóm og staðfest aðiljaskýrslur sínar.

Stefnandi hefur lagt fram bréf, er hann ritaði byggingarnefnd 9. nóvember 1966, þar sem hann gerir fyrirspurn til byggingarnefndar, hvort hún fyrir sitt leyti gæti gefið leyfi til að byggja á lóðinni Lækjarteigi 2 samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum. Þessi umsókn var framsend þann 11. nóvember 1966 skipulagsstjóra og gatnamálastjóra Reykjavíkurborgar. Með bréfi, dags. 18. apríl 1967, tilkynnir borgarverkfræðingur, að beiðninni hafi

verið hafnað, og tekur fram, að hæð hennar eigi ekki að vera meiri en hæð núverandi byggingar. Auk þessa er bent á, að lóð-inni hafi upprunalega verið úthlutað til þess að reisa á henni iðnaðarhúsnæði.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að stefndi Björgvin Frederiksen persónulega hafi falið sér að teikna hús það, sem hér um ræðir. Hann hafi aldrei minnst á það við sig, að honum bæri aðeins að gera tillögur til fyrirspurnar hjá byggingarnefnd. Bendir hann þar á teikningar af hinu ófullgerða húsi, sem eru aðalteikningar í mælikvarða 1:100 og stefndi Björgvin hafi beðið sig að fullgera og senda til byggingarnefndar til samþykktar. Meðan á teiknivinnu stóð, hafi hann beðið Björgvin að greiða inn á reikninginn, en það hafi hann ekki gert.

Að ráði byggingarfulltrúa hafi málið verið lagt fyrir bygg-ingarnefnd sem fyrirspurn til þess að fyrirbyggja synjun, þar sem ekki hafi verið búið að ganga frá áðurgreindum lóðarskika undir bílastæði, en það hafi Björgvin ekki getað, fyrr en búið var að teikna húsið og senda málið til byggingaryfirvalda. Þetta hafi leitt til þess, að málið komst í sjálfheldu, án þess að hann gæti við ráðið. Þegar það hafði verið afgreitt frá sinni hendi og hann óskað eftir greiðslu fyrir útfærðar teikningar, hafi Björgvin greitt sér í ávísun kr. 10.000.00 og með samþykktum víxlum kr. 40.000.00. Greiðsla þessi hafi verið algerlega fyrirvaralaus.

Að lokum bendir stefnandi á, að engin þóknun sé tekin fyrir hallamælingu og viðbyggingarviðauka samkvæmt gjaldskrá. Ekki sé heldur tekin þóknun fyrir óvenjulegar aðstæður vegna breytts skipulags og af þeim sökum endurteknar uppteikningar. Stefndi Björgvin Frederiksen hafi aldrei minnst á annað en að hann væri persónulega ábyrgur fyrir öllum greiðslum í sambandi við verkið.

Stefndu rökstyðja sýknukröfu sína á eftirfarandi hátt: Þeir hafi aldrei falið stefnanda að inna annað verk af hendi en að leggja fram fyrirspurnir fyrir hönd Björgvins Frederiksens h/f, hvort byggja mætti við hús, sem þegar var búið að reisa á lóð-inni Lækjarteigi 2. Stefndi hafi því með öllu verið óheimilt að leggja meiri vinnu í fyrirspurnina en nauðsynlegt var, til þess að byggingaryfirvöld gætu tekið afstöðu til þess, hvort bygging þessi yrði leyfð eða ekki. Hins vegar hafi það verið ætlunin, að stefnandi héldi áfram að teikna húsið, ef leyfi fengist, þannig að hægt yrði að byggja eftir teikningunni. Stefndu mótmæla því, að stefnanda hafi verið falið að teikna hótélbyggingu árið 1963,

honum hafi aðeins verið falið að festa á pappír skissur eða hugmyndir um það, hvernig nýta mætti síðarnefnda byggingu, án þess að fram hefði farið nokkur athugun við byggingaryfirvöld borgarinnar. Fyrir þessar hugmyndir geti þeir ekki fallist á að greiða samkvæmt taxta um hótélbyggingar. Þá taka stefndu fram, að það hafi eingöngu verið í greiðaskyni, að stefnanda voru greiddar kr. 50.000.00 og hafi ekki nein viðurkenning falist í þeirri greiðslu. Að lokum taka stefndu fram, að þeir geti fallist á, að mál þetta sé afgreitt af hendi Kjartans sem tillögur, sem ekki báru árangur, en telja, að með áðurgreindri greiðslu sé verkið að fullu greitt og beri því að sýkna í málinu.

Þá hafa stefndu krafist þess, að stefndi Björgvin Frederiksen persónulega verði sýknaður af kröfum stefnanda. Verk þau, sem stefnanda hafi verið falin að vinna, hafi verið eingöngu á vegum Björgvins Frederiksens h/f, sem sé eigandi húseignarinnar. Þetta komi greinilega fram á dskj. nr. 6.

Hafa nú verið rakin málsviðhorf beggja aðilja, eins og þau liggja fyrir í skjölum málsins og komu fram í málflutningi.

Skal þá fyrst vikið að aðild málsins.

Stefnandi hefur haldið því fram, að Björgvin Frederiksen hafi aldrei látið annars getið við sig en hann væri persónulega ábyrgur fyrir greiðslum vegna verks síns og aldrei minnst á Björgvin Frederiksen h/f í því sambandi. Þessa staðhæfingu stefnanda styðja dskj. nr. 3 og 5, sem bæði eru stíluð á Björgvin Frederiksen persónulega. Þá hefur stefndi Björgvin viðurkennt, að dskj. nr. 5 hafi verið sent heim til sín. Ekki verður séð, að hann hafi hreyft neinum mótmælum gegn skjali þessu á þeim grundvelli, að því væri beint til rangs aðilja. Með hliðsjón af þessu þykja ekki efni standa til að taka sýknukröfu stefnda Björgvins persónulega til greina.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, er ágreiningslaust í málinu, að stefnanda hafi verið falið að gera teikningar af fyrirhugaðri stækkun núverandi byggingar að Lækjarteigi 2 og kanna, á hvern hátt mætti nýta nefnda stækkun. Hins vegar greinir aðilja á um, hvort stefnanda hafi verið falið að gera aðalteikningar, sem leggja skyldi fyrir byggingarnefnd Reykjavíkurborgar til umsagnar, eða aðeins „skissur eða hugmyndir um, hvernig síðar mætti ef til vill nýta nefnda byggingu“.

Stefndu hafa haldið því fram, að stefnandi hafi útfært margbrotnari teikningar en nauðsynlegt var til þess að leggja fyrir

byggingarnefnd og með því farið út fyrir verksvið það, sem honum hafi verið falið.

Nú er því ómótmælt af hálfu stefndu, að stefndi Björgvin Frederiksen hafi fengið til athugunar og umsagnar ófullgerðar aðaltekningar, dags. 28. ágúst 1964 og 2. september 1964, sbr. dskj. nr. 18, og falið syni sínum, Hilmari, að afhenda þær stefnanda með ósk um að fullgera þær og leggja fyrir byggingarnefnd. Ekki verður heldur séð af málsskjölum, að stefndi Björgvin eða sonur hans fyrir hönd stefndu hafi í umrætt skipti gert athugasemd um, að stefnandi hafi þegar farið út fyrir verksvið sitt. Mátti stefnda þó vera sýnileg sú vinna, sem búið var að leggja í teikningarnar.

Það verður hins vegar ekki ráðið af málsskjölum, að stefnandi hafi fengið ósk eða fyrirmæli frá stefndu um að teikna hluta fyrirhugaðrar stækkunar einni hæð hærri en byggingaryfirvöld ráðgerðu á byggingarsvæðinu né að stefnandi hafi spurzt fyrir um það hjá byggingaryfirvöldum, áður en hann gekk frá teikningunum, hvort slík hækkun yrði leyfð. Mátti honum sem fagmanni vera ljós sú áhætta, sem því fylgdi, og verður hann að bera hallann af því. Stefnandi byggir kröfur sínar á reikningi samkvæmt gjaldskrá Arkitektafélags Íslands fyrir forvinnu og vinnu við aðalteikningar, dags. 28. ágúst 1964 og 2. september 1964.

Þegar öll atvik þessa máls eru virt og framlagðar teikningar lagðar til grundvallar, þykir þóknun stefnanda fyrir störf þau, er hann innti af hendi fyrir stefndu og um er deilt í máli þessu, sanngjarnlega metin á kr. 101.542.00 + útlagður kostnaður, kr. 1.542.00, eða kr. 103.084.00. Þar frá dragast kr. 50.000.00, sem þegar hafa verið greiddar. Ber því að dæma stefndu in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 53.084.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. apríl 1967 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Guðmundi Kr. Kristinssyni arkitekt.

Dómsorð:

Stefndu, Björgvin Frederiksen persónulega og Björgvin Frederiksen h/f, greiði in solidum stefnanda, Kjartani Sigurðssyni, kr. 53.084.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. apríl 1967 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. desember 1970.

Nr. 99/1970. **Rafveita Akureyrar**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Almennum Tryggingum h/f
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann
Snævarr.

Vátrygging. Endurgreiðsla. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. maí 1970. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur áfrýjandi aflað nýrrar álitsgerðar frá Jóhanni Indriðasyni verkfræðingi. Þá fékk hann hinn 12. nóvember 1970 dómkvadda rafmagnsverkfræðingana Sigurð Halldórsson og Sverri Norland til að segja álit sitt um nokkur atriði málsins. Í álitsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 23. nóvember 1970, segir svo:

„1. Það er sannað skv. skjölum málsins, að einn þáttur raflínunnar var fastur við horn hússins, og var sá þáttur línunnar spennuhafa, þegar slökkvistarf hófst.

2. Af þessu leiðir, að straumur hefur farið frá raflínunni